

**Nd.**

**82. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað frumvarp þetta, sem er alveg samhljóða frv. því um þetta efni, er samþykkt var í neðri deild á þinginu 1921, en fjell að

lokum í efri deild, sökum ágreinings milli deildanna, sem þó ekki snerti meginatriði málsins.

Jafnframt því sem nefndin tekur undir það með háttv. flutningsmanni frumvarps þessa, að nauðsynlegt sje, að lög 18. nóv. 1920 um kenslu í mótórvjelfræði komi sem fyrst til framkvæmda, mælir meiri hluti nefndarinnar eindregið með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1923.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Pjetur Ottesen,  
skrifari og frsm.

Jón Baldvinsson,  
með fyrirvara.

Jakob Möller. Einar Þorgilsson.